

**Mál nr. 227/2013**  
**M og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Bæjarlind 10. apríl 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 19.júlí 2013 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V1 dags. 8. júlí 2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Ódags. afrit tölvupósts V2.

**Málsatvik.**

A var bakkað úr bifreiðastæði og B var að bakka inn í bifreiðastæði og varð árekstur með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa séð B fara framhjá og þegar hann hafi bakkað þá hafi ökumaður B verið byrjaður að bakka til baka og segir ökumaður A að hann hafi þá reynt að flauta en ekki fundið flautuna og verið stopp þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa ekið framhjá bílastæði og ætlað að bakka inn í það og horft aftur fyrir sig og ekki orðið vör við A fyrr en árekstur varð.

**Álit.**

Ökumenn beggja bifreiðanna óku afturábak í umrætt sinn. Þeim bar báðum að gæta varúðar, sbr. skyldur þeirra skv. 2.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Af gögnum málsins virtum, m.a. myndum af vettvangi þykir hvorugur ökumaður þykir hafa sýnt næga varúð við aksturinn aftur á bak. Ekki þykir sannað að M hafi verið kominn í þá aðstöðu að hann hafi verið búinn að aka aftur á bak, þannig að hann hafi getað ekið beint áfram þegar áreksturinn varð. Með hliðsjón af því verður ekki séð að M hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir árekstur að máli skipti við sakarskiptingu. Verður því ekki lögð meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn og er sök vegna árekstursins skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 21.ágúst 2013.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

\_\_\_\_\_  
Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.